

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

115

16. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda kunnjörum Vér hér með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 9. þ. m., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfum falið á hendur í fjarvist Vorri hans konunglegu tign krónprins Christian *Frederik* Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört í Esbjerg, 16. desember 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga,
nr. 54 11. júlí 1911.

116

19. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir 12., 13. og 14. lið í 1. gr. laganna komi:

12. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og kakaódeigi kr. 1.00 af hverju kg.
13. a. Af kakaódufti 50 aura af hverju kg.
b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og ómULDUM, 50 aura af hverju kg.
c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómULDUM, 35 aura af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af: Brjóstsykri, konfekt, átsúkkuladi og sykrudum ávöxtum kr. 2,00 af hverju kg.

116 Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda þrjá tollflokka, fellir fjár-
19. des. málaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af vörum þeim, sem taldar eru í 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. desember 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

117

29. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lend-
ingarsjóði, og lögum nr. 21 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldiuborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laga nr. 21 27. júní 1925 skal orða svo:

Sama vald veitist bæjarstjórnnum Vestmannaeyjakaupstaðar og Reykjavíkur,
enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufélög einnig um bæj-
arstjórnir og bæjarfélög Vestmannaeyja og Reykjavíkur.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 86 14. nóv. 1917 kemur ný grein, svo hljóðandi, sem
verður 6. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

Nú er svo ástatt, að hreppsnefnd þykir brýn nauðsyn bera til að gera sam-
þykkt fyrir hreppinn samkvæmt lögum þessum eða breyta áður gerðri sam-
þykkt, en svo er langt til reglulegs sýslufundar, að ekki þykir mega draga til þess
tíma að setja samþykktina, og getur þá hreppsnefndin gert samþykkt til bráða-
birgða, enda er sú samþykkt háð ákvæðum 2., 4. og 5. gr. um fundarsamþykki,
staðfestingu og birtingu. Bráðabirgðasamþykkt, sem staðfest hefir verið, skal
jafnan borin undir næsta fund sýslunefndar. Ef sýslunefnd fellst á bráðabirgða-